



Starfsfólk Dagskrárinnar færir
lesendum sínum hugheilar þakkir fyrir
samfylgdina á árinu, með ósk um
gleðileg jól og farsæld á komandi ári.



Guggusund fagnar 30 ára starfsafmæli

Ýtarlegt viðtal við Guðbjörgu má finna á bls. 8



Nemendur Grunnskólans í Hveragerði styrkja Dropann

Síðastliðin ár hafa nemendur
Sog starfsfólk Grunnskólans
í Hveragerði haldið góðgerðar-
þema, en þemað féll niður árið
2020 vegna heimsfaraldurs
Covid. Góðgerðardagurinn er
lokadagur árlegs þema. Til-
gangur góðgerðarþemans er að
efla samkennd nemenda og láta
um leið gott af sér leiða. Þrír
dagar fara í vinnu þar sem ýmis
varningur, oft tengdur jólahátíð-
inni, er útbúinn og fjórði dagur-
inn Góðgerðardagurinn hefur
verið með þeim hætti að skólinn
breytist í risastórt markaðstorg
þar sem varningurinn er til sölu.
Dagurinn var ekki með hefð-
bundnu sniði þetta árið heldur
var opnuð vefverslun þar sem
fólk keypti varninginn.

Í öllum bekkjum fer fram
rafræn kosning um hvaða starf-
semi á að styrkja á góðgerðar-
deginum. En nemendurnir koma
sjálfir með hugmyndir um hvaða
málefni þeir vilja styrkja. Kos-
ning um hugmyndir nemenda fer
einnig fram meðal starfsfólks.
Sameiginleg niðurstaða starfs-
fólks og nemenda í ár er sú að
styrkja Dropann, styrktarfélag
barna með sykursýki.

Þetta er sjötta árið sem nem-
endur skólans vinna að góðgerð-
armálum með þessum hætti.

Meginstefið hefur verið að börn
styrki börn. Fyrri styrkþegar eru:
Amnesty International, Styrktar-
félag krabbameinssjúkra barna,
Barnaspítali Hringins, Birta
landssamtök og Neistinn styrkt-
arfélag hjartveikra barna sem
fengu ágóðann. Umtalsverðar
fjárhæðir hafa safnast á þessum
árum. Fjöldmörg fyrirtæki studdu
Góðgerðardaginn með beinum
peningastyrkjum.

Þann 16. desember var hald-
inn árlegur „opinn gangasöng-
ur“ hjá Grunnskólanum í Hvera-
gerði sem heppnaðist afar vel.
Hann fór þó fram að þessu sinni
með fámennum nemendahóp
og streymt í stofur og raunar til
heimsbyggðarinnar allrar. Linda
María Benjamínsdóttir, for-
maður nemendaráðs, og Einar
Kári Andrasen, yngsti nemandi
skólans, afhentu Leifi Gunnars-
syni, formanni Dropans, styrk
frá nemendum og starfsfólki
Grunnskólans í Hveragerði að
upphæð 1.400.000 kr.

Fjórir nemendur úr 5. bekk,
efndu til aukasöfnunar, útbjuggu
jólakort og seldu í verslunar-
miðstöðinni við Sunnumörk.
Með því safnaðist á annan tug
þúsunda þetta voru þær: Bríanna
Lind, Emilía Ósk, Hera Fönn og
Rakel Dalía. Vel gert stelpur.

Við óskum Sunnlendingum
öllum gleðilegra jóla og farsældar
á komandi ári.

Þökkum viðskiptin á árinu
sem er að líða.

**PÍPULAGNIR
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

**Rafverktakar · Verslun
Öryggis-, myndavéla-
og loftnetskerfi**

Framúrskarandi
Fyrirskali 2019

Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



Gleðilega hátíð

Þökkum innilega viðskiptin á árinu

MARGT FALLEGT Í JÓLAPAKKANN

HANSKAR - TREFLAR - GRIFFLUR - NÁTTKJÓLAR
NÁTTFÖT - LEDURHANSKAR - SKARTGRIPIR

**GJAFABRÉFIN OKKAR
GJÖF SEM GLEÐUR**

LINDIN

TÍSKUVERSLUN

Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

TISKUVERSLUN.IS

Það eru

2

DAGAR TIL JÓLA

Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysrla@keysrla.is - www.keysrla.is - [f /keysrla.is](https://www.facebook.com/keysrla.is)

Samvera er raunveruleg forvörn

- ✓ Tökum okkur tíma saman
- ✓ Hlustum hvort á annað
- ✓ Sýnum áhuga

Hvetjum foreldra til þess að verja tíma með börnunum sínum á aðventunni og minnum á útivistartíma barna:

12 ára börn og yngri mega vera úti til kl. 20:00 á kvöldin.

13–16 ára börn mega vera úti til kl. 22:00 á kvöldin.

Forvarnarhópur Rangárpings ytra

Sveitarfélagið Ölfus skilar hátt í 300 milljónum í afgang af rekstri

Sterk staða nýtt til frekari sóknar á forsendum þjónustu við íbúa

Á fundi sínum á dögunum Ásamþykkti Bæjarstjórn Ölfus fjárhagsáætlun fyrir árið 2022. Áætlunin gerir ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu bæði samstæðu og A hluta, hjá samstæðu upp á 283 milljónir og hjá A hluta upp á 143 milljónir.

Ráðgert er að rekstrartekjur samstæðu verði 3.677.545 þús. kr. og rekstrargjöld: 3.043.578 þús. kr. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld verði 132.611 þús. kr. og afskriftir 218.288 þús. kr. Þannig verði rekstrarniðurstaða, jákvæð sem nemur 283.067 þús. kr.

Sé litið til A hluta má sjá að ráðgert er að árið 2022 verði rekstrartekjur 3.094.480 þús. kr. og rekstrargjöld: 2.767.630 þús. kr. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld verði: 82.348 þús. kr. og afskriftir 101.154 þús. Rekstrarniðurstaða verði því jákvæð sem nemur 143.348 þús. kr.

Ráðgert er að veltufé samstæðu frá rekstri verði 612 milljónir og að fjárfesting nemi 1.529 milljónum kr. Þá er fyrirhugað að greiða langtímalán niður fyrir 211 milljónir en samhliða verði tekin ný lán að upphæð 740.000 milljónir króna. Stærsti hluti þeirrar lántöku er til framkvæmda við höfnina og þá innviðaupbyggingu sem óhjákvæmilega fylgir þeim mikla vexti sem er í Ölfusi. Meðal þeirra stærstu eru bygging á nýjum leikskóla, stækkun á þjón-



ustumiðstöð aldraðra, frekari uppbygging tengd íþróttamannvirkjum, gatnagerð, fráveita og fl.

Sé litið til reksturs mála-flokka má ljóst vera að umtals-verð útgjaldaaukning er fyrir séð á næsta ári. Mestu munar þar að velferðarmálefni vaxa verulega. Þannig eykst kostnaður vegna félagsþjónustu um 54 milljónir frá seinustu fjárhagsáætlun, fræðslu- og uppeldismál um 112 milljónir og æskulýðs- og íþróttamál um 27 milljónir.

Samhliða þessum mikilvægu þáttum er áfram allra leiða leitað til að létta álögur á bæjarbúa og styðja við bakið á þeim. Þar ber hæst að fasteignaskattur er lækkaður úr 0,33% í 0,31%. Hefur álagningahlutfallið því lækkað um 18% á fjórum árum eða úr 0,38% árið 2018 í 0,31% 2022.

Þegar litið er til þriggja ára

áætlunar kemur í ljós að staða Sveitarfélagsins Ölfuss er sterk. Fyrirhugað er að rekstrarniðurstaða samstæðu verði 257 milljónir árið 2023, 262 milljónir árið 2024 og 316 milljónir árið 2025. Þá gerir áætlunin ráð fyrir að rekstrarniðurstaða A-hluta verði 152 milljónir árið 2023, 153 milljónir árið 2024 og 191 milljónir árið 2025.

Staða Sveitarfélagsins Ölfus er óumdeilanlega sterk. Íbúafjölgun á seinustu árum nálgast að vera 20%, eftirsókn eftir lóðum er mikil og umfang atvinnuuppbyggingar fordæmalaust. Munar þar mestu um ört vaxandi laxeldi, uppbyggingu hafnarinnar og almenna velmegun. Það sem enn er um vert er að íbúar í samfélaginu mælast nú þeir ánægðustu þegar byggðastofnun mælir viðhorf allra þéttbýlisstaða á landinu.



Eyravegi 25, 800 Selfoss
482 1944
selfoss@prentmetoddi.is



Gleðilega hátíð



SJÓVÁ



Kærar þakkið færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmans míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa



Ingvars Daníels Eiríkssonar mjólkurbílstjóri

Hjartans þakkið færum við starfsfólkinu á Dvalarheimilinu Lundi fyrir góða umönnun.

Eygló Jóna Gunnarsdóttir
Eiríkur Ágúst Ingvarsson **Ásthildur Óskarsdóttir**
Jón Helgi Ingvarsson **Ásthildur B. Sigþórsdóttir**
Lísa Björg Ingvarsdóttir **Sveinn Valtýr Sveinsson**
barnabörn og barnabarnabörn



Hjartans þakkið fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar elskulega eiginmanns, föður, tengdaföður og afa



Erlends Daníelssonar, Birkivöllum 30, Selfossi,

sem lést 20. nóvember. Guð geymi ykkur.

Gréta Jónsdóttir
Anna Ingileif Erlendsdóttir **Grímur Þórisson**
Viktoría Björk Erlendsdóttir **Þorgils Magnússon**
og barnabörn.



ÖLFUS

Auglýsing um skipulag í sveitarfélaginu Ölfus

Eftirfarandi skipulagstillaga var samþykkt til auglýsingar í samræmi við 1. málsgrein 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 af bæjarstjórn Ölfuss á 297. fundi hennar þann 16.12. síðastliðinn.

Deiliskipulag fyrir Laxabraut 11 í Þorlákshöfn

Verkfræðistofan Efla ehf hefur unnið deiliskipulagstillöguna sem markar ramma um stækkun á núverandi fiskeldi á aðliggjandi lóð. Fyrirhugað er seiðaeldi og mögulega þaueldi á laxi eða öðrum fiskitegundum. Hugmyndin er að reisa mannvirki í form húsa, kerja, vatnsmiðlunartanka, fóðursílóa og súrefnistanka auk vatns og frárennisslagna, ásamt lagningu vegslóða, vinnuplana og bílastæða. Fyrir liggur álit Skipulagsstofnunnar í samræmi við lög um umhverfismat áætlaða nr. 111/2021.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn frá 22. desember 2021 til 3. febrúar 2022. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 3. febrúar 2022.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi

Íslenskunámskeið fyrir foreldra barna með fjölmennningarlegan bakgrunn

Dagana 19. október til 18. nóvember 2021 var haldið hagnýtt íslenskunámskeið fyrir foreldra barna með fjölmennningarlegan bakgrunn á grunnskólaaldri. Um var að ræða þróunarverkefni hjá Fjölskyldusviði Árborgar styrkt af Íslenskusjóðnum í Háskóla Íslands.

Markmið verkefnisins var að bjóða foreldrum grunnskólana nema með fjölmennningarlegan bakgrunn í Sveitarfélaginu Árborg á ókeypis íslenskunámskeið þar sem þeir munu kynna helstu hugtökum og efla orðaförða sem tengist skólastarfi, en rannsóknir sýna að tungumálaörðugleikar geta hindrað þátttöku foreldra í skólastarfi. Tilgangur verkefnisins var að efla vald og notkun á íslensku máli foreldra fjöltyngdra barna og styðja þannig við íslenskunám þeirra, en Aðalnámskrá grunnskóla (2013) gerir ráð fyrir að foreldrar séu virkir þátttakendur í skólasamfélaginu í samvinnu við skólastjórnendur, kennara og aðra starfsmenn skóla.

Kennt var tvö kvöld í viku í fimm vikur, samtals 20 kennslustundir. Námskeiðið fór fram í Vallaskóla á Selfossi. Kennari námskeiðsins var Anna Linda Sigurðardóttir. Hún hefur margra ára reynslu af kennslu íslensku sem annars máls og starfar sem deildarstjóri fjölmenningardeildar í Vallaskóla.

Að kennslunni komu einnig Aneta Figlarska, kennsluráðgjafi í fjölmenningu og Anna Katarzyna Wozniczka, verkefnastjóri í málefnum flóttamanna.

Boðið var upp á fjölþætta fræðslu, en notast var við Mentor, aðalvefsíðu Árborgar og Fjölmenningsíðu Árborgar. Viðfangsefni námskeiðsins var m.a. skólaferfi á Íslandi, starfsemi Fjölskyldusviðs, skráning nemenda í frístundir, virkt fjöltyngi, skólaorðaförði, mentor o.fl. Þá voru nemendur einnig fræddir um millimenningu en um fræðsluna sá gestakennarinn Nichole Leigh Mosty, forstöðukona Fjölmenningsseturs.

Boðið var uppá gæslu fyrir börn þátttakenda á meðan á námskeiðinu stóð, í formi leikja og samræðna, í samstarfi við Rauða krossinn. Safnað var upplýsingum um íslenskukunnáttu foreldra og viðhorf þeirra til námskeiðsins í upphafi og lok verkefnisins, en verkefnið

verður kynnt á Mennta viku 2022 sem og á fræðslufundum víðar í skólasamfélaginu og í fjölmiðlum.

Reynslan sem við tókum með okkur eftir námskeiðið er að nemendahópurinn er fjölbreyttur hvað varðar bakgrunn og móðurmál. Þarfir þeirra eru ólíkar og margt í sambandi við t.d. skráningar í frístundir sem þeir þekktu ekki fyrir. Þá þurfa þeir aðstoð við ýmislegt fleira sem tengist ekki skólumálum beint. Námskeiðið var heldur stutt miðað við umfangið en nemendur fengu engu að síður gott rými til tjáninga og spurninga og virtust örugg. COVID-19 hafði vissulega áhrif á þátttöku en allir nemendur voru mjög áhugasamir og kalla eftir framhaldi.



Mynd: Marie Sonja Jónsdóttir.

Svavar Knútur mætir á Hótel Skálholt

Svavar Knútur söngvaskáld heldur tónleika á Hótel Skálholti laugardaginn, 15. janúar næstkomandi kl. 20. Dagskráin verður hress gusa af frumsömdum efni og sígildum íslenskum sönglögum, í bland við sögur og spjall að hætti trúbadorains sem segir stórskemmtilega frá og er alltaf með húmorinn í lagi. Miðasala á tónleikana er á tix. is. Tryggðu þér miða sem fyrst þar sem að miðafjöldinn er takmarkaður.

Veitingahúsið Skálholt verður með gómsætan kvöldmat kl. 18 og einnig er hægt að panta

gistingu á hótlinu fyrir þá sem vilja dekra við sig enn frekar. Hafið samband í síma 486 8870, Hlökkum til að sjá ykkur öll!



Gáta vikunnar

Visnagátur-höf:
Ármann Dalmannsson
Útg. Bókautgáfan SKRUDDA

Krakkarnir oft mig krota á.
Kuldi og reykur hlýða mér.
Ég minnst þeirra, sem falla frá.
Ég fer svo hratt, að mig enginn sér.



Svar við gátu í blaði 2628: SETA

1. Bókstafurinn Z - 2. Yfirseta - 3. Áseta - 4. Stólseta



Útgefandi: Prentmet Oddi,
Eyravegi 25, 800 Selfoss,
sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson,
sími 856 0673, gunnar@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944,
auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi.
Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



STARFSFÓLK APÓTEKARANS ÓSKAR VIÐSKIPTAVINUM SÍNUM GLEÐILEGRAR HÁTÍÐAR

Afgreiðslutími um jól og áramót:

Selfoss

18. des kl. 10–18	31. des kl. 9–12
19. des kl. 10–16	1. jan LOKAÐ
22. des kl. 9–20	2. jan LOKAÐ
23. des kl. 9–20	3. jan kl. 10–18
24. des kl. 9–12	
25. des LOKAÐ	
26. des LOKAÐ	
27. des kl. 10–18	

Hveragerði

24. des kl. 10–12
25. des LOKAÐ
26. des LOKAÐ
27. des kl. 10–18
31. des kl. 10–12
1. jan LOKAÐ
2. jan LOKAÐ
3. jan kl. 10–18

Þorlákshöfn

24. des LOKAÐ
25. des LOKAÐ
26. des LOKAÐ
27. des kl. 13–17
31. des LOKAÐ
1. jan LOKAÐ
2. jan LOKAÐ
3. jan kl. 13–17

Selfoss
S: 482 1177

Hveragerði
S: 483 4197

Þorlákshöfn
S: 483 3868

Apótekarinn⁺
– lægra verð

GRÓÐURHÚSIÐ THE GREENHOUSE

Hótel | Mathöll | Verslanir | Kaffihús | Ísbúð | Matarmarkaður | Bar | Viðburðir



Komdu og upplifðu jólastemningu!

Opið frá kl. 8:00 - 22:00 öll kvöld fram að jólum.
Mathöll Suðurlands er opin frá kl. 11:30 - 21:00

🌐 thegreenhouse.is

☎ +354 464 7336

📍 Austurmörk 6, Hveragerði

Jólaakveðja

Sveitarfélagið óskar þess að allir íbúar eigi ljúfa jólahátíð og njóti með sínum nánustu.

Um leið hvetjum við alla til útivistar, hreyfingar og samverustunda með fjölskyldu og vinum.

Og munum að allt er gott í hófi :)



STÚDÍÓ S

Hárstofa

Eyravegi 38 · s. 766 3500

Kæru viðskiptavinir
frá 1. jan. mun ég
starfa á STÚDÍÓ S

Allir velkomnir
Linda Rut



Endurhæfing krabbameinsgreindra

Krabbameinsfélag Árnassýslu býður uppá endurhæfingu fyrir krabbameinsgreindra.

Endurhæfingin tekur til andlegra, líkamlegra, og félagslegra þátta þar sem allir vinna á sínum hraða og á eigin forsendum. Endurhæfingin fer fram fjórum sinnum í viku og er lagt upp með átta vikna prógramm hverju sinni. Lögð er áhersla á að mæta þörfum hvers og eins eftir bestu mögulegri getu.

Utanumhald úrræðisins er í höndum Margrétar Steinunnar kennara og sálgaði.

Næsta átta vikna prógramm hefst 17. janúar 2022. Skráning og frekari upplýsingar fara fram hjá Margrétu á netfanginu msg14@hi.is eða hjá Svanhildi í síma 892 3171 eftir kl. 16:00 á daginn.

Verkefnið er styrkt af
Kvenfélögum Flóahrepps og
Velunnarasjóði Krabbameinsfélags
Íslands

Kertasníkir



vel teygjanlegt. Eftir mikla rannsóknarvinnu á netinu þar sem mikið er af misgöðu efni fannst gott myndband. Slóðin er hér enda mjög flókið að útskýra það með orðum. <https://www.youtube.com/watch?v=9T0TsGMhG3c>. Aðferðin felst í því að búa til einfaldar lykkjur til skiptis úr tveimur endum. Því næst er prjónað fram og til baka tvær umferðir, 1 sl og ein óprjónuð eins og þú ætlir að gera brugðna lykkju en lætur garnið liggja fyrir framan óprjónuðu lykkjuna. Síðan er prjónað í hring slétt og brugðið í framhaldi af uppfittinu. Setjið merki í upphaf umferðar þannig að fyrsta lykkjan sé brugðin.

Kollan:

Fitjið upp 72 (76) 80 lykkjur á prjón nr. 6 og prjónið 8 (9) 10 sm. Skiptið yfir á prjón nr. 5 og prjónið þar til heildarlengdin er 20 (23) 26 sm.

Úrtaka fer fram á fjórum stöðum með jöfnu millibili.

1. *16 (17) 18 l og 2ls* fjórum sinnum.
2. 3 (3) 4 umf án úrtöku
3. *15 (16) 17 l og 2ls* fjórum sinnum.
4. 2 (2) 3 umf án úrtöku
5. *14 (15) 16 l og 2ls* fjórum sinnum
6. 1 (2) 2 umf án úrtöku
7. *13 (14) 15 l og 2ls* fjórum sinnum
8. 0 (1) 1 umf án úrtöku

Haldið nú áfram með úrtökuna eins og áður í hverri umferð þar til 4 l eru eftir. Slítið frá og dragið endann í gegnum lykkjurnar. Gangið frá endunum.

Hönnun: Alda Sigurðardóttir

Það er kannski ekki of seint að prjóna eina netta og notalega jólagjöf!
Hér er uppskrift að mjög einfaldri kollu fyrir herra eða dömur.

Garnið heitir SAUCE og er frá Hjertegarn. Við erum með nokkrar frábærar garntegundir frá þeim og þetta er blanda af alpakaull, merinoull og finni hálandaull til jafns og að auki lítilsháttar af næloni og viskos. Falleg tweedáferð, létt og mjúkt og er til í nokkrum fallegum litum.

Prjónar: nr. 6, 50 sm og nr. 5, 50 sm og sokkprjónar eða Crazy trio.
Stærðir: 54 (57) 60 sm.

Skammstafanir: prj=prjónið, l=lykkja, sl=slétt, 2ls=prjónið tvær lykkjur slétt saman. Sú aftari er alltaf slétt og leggst yfir þá fremri. Ef sú fremri hefur verið prjónuð brugðin gæti þurft að snúa lykkjunni þannig að hún opnast eins og slétta lykkjan. Það fer eftir hvernig þú prjónar brugðnar lykkjur.

Uppfit:

Hægt er að fitja upp með hefðbundinni aðferð og þá er gott að hafa í huga að uppfitið verði sæmilega teygjanlegt. Í þessari húfu var fitjað upp með aðferð sem á ensku er kölluð Italian tubular uppfitt. Það má segja að það sé ósýnilegt og

*Hannyrðabúðin óskir
viðskiptavinum gleðilegrar
hátíðar og farsældar á
komandi ári. Við þökkum
viðskiptin og óteljandi
gleðistundir með
hannyrðum.*




Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555 1314



*Við óskum viðskiptavinum okkar og Sunnlendingum
öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
Þökkum fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.*



Óskum Sunnlendingum
gleðilegra jóla.
Megi nýtt ár færa
ykkur jöfnuð og
réttlæti.



Samfélag velsældar og tækifæra er þegar við öll njótum!



Margt af okkar besta íþróttafólki byrjaði í Guggusundi

Guggusund fagnar 30 ára starfsafmæli

Það eru fáir sem kannast ekki við Guðbjörgu Hrefnu Bjarnadóttur, en hún fagnar þessa dagana 30 ára starfsafmæli sínu sem ungbarnasundkennari. Blaðamaður Dagskrárinnar leit við hjá henni í sundtíma um daginn og tók við hana smá spjall.

Guðbjörg er menntaður íþróttakennari og hefur starfað við sundkennslu og sundþjálfun í 40 ár. Hún er gift Þresti Ingvarssyni, húsasmíðameistara, og saman eiga þau 4 börn.

Hún byrjaði sem aðstoðarkona hjá Sigríði Sæland á sundnámskeiðum fyrir 6 ára börn árið 1981 og eru það því 40 ár síðan. Eftir það fór hún svo að þjálfa hjá sunddeild Umf. Selfoss, fyrst með yngri flokka og svo elstu krakkana. Það var svo árið 1986 í Noregi sem hún kynntist ungbarnasundi þar sem hún lærði íþróttatræði í norska íþróttaháskólanum. „Ég féll fyrir því um leið og ákvað samtundis að þetta ætlaði ég að gera með mínum börnum ef ég myndi eignast börn. Ég fór á námskeið þar úti til að fá réttindi til að kenna ungbarnasund og þar sem ég vann með skólanum í sundlaug skólans fékk ég gott tækifæri til að fylgjast með því sem fram fór þar.“ Eftir að skólanum lauk í Noregi fór hún aftur til Íslands og kenndi íþróttir við Vallaskóla á Selfossi. „Ég var alltaf með ungbarnasundið bak við eyrað og beið eftir því að eignast mitt fyrsta barn því ég vildi æfa mig fyrst á mínu eigin barni.“

Frumburðurinn hennar fyrsti nemandi

Örn, elsti sonur hennar, var hennar fyrsti nemandi, en þegar hann fæddist 1991 byrjaði hún að þjálfa hann í baði en fljótt fór hún að færa sig yfir í sundlaugina og fékk hún þá Sigmund Stefánsson, páverandi forstöðumann sundhallarinnar, til að hækka hitastigið í innilauginni. „Hitastig laugarinnar skiftir nefnilega öllu máli þegar þú ert með svona lítill börn og finnst mér best að hafa vatnið í kringum 34°C. Ég fór mikið með Örn í sund sumarið 1991 og það spurðist fljótt út og það höfðu margir foreldrar samband við mig og spurðu hvort ég gæti ekki haldið námskeið svo þau gætu komið með sín börn til mín. Það varð úr að fyrsta námskeiðið

í Guggsundi fór af stað seinnipartinn í október árið 1991, fyrir rétt rúmum 30 árum síðan!

„Til að byrja með voru þetta námskeið í ungbarnasundi en svo fór það þannig að þegar börnin héldu áfram í sundi og fóru að tala þá töluðu þau alltaf um að fara í Guggusund. Þannig að ég greip nafnið á lofti og sundskólinn minn heitir síðan Guggusund,“ segir Guðbjörg. Á þessum tíma var hún þjálfari hjá sundeild Umf. Selfoss og bauð hún deildinni að vera í samstarfi með þeim um námskeiðin og það samstarf hefur haldið síðan.

Mörg fylgja mér alveg fram að skólaaldri

Ungbarnasund var lítið þekkt á Íslandi fyrir 30 árum, en þó höfðu nokkrir á höfuðborgarsvæðinu byrjað með ungbarnasund nokkrum mánuðum áður en Guðbjörg hóf sín námskeið á Selfossi, meðal annars fyrrum skólafélagar Guðbjargar í Noregi.

Það gekk ótrúlega vel að koma ungbarnasundinu af stað á Selfossi að sögn Guðbjargar. „Fólkið hafði sjálft samband við mig og svo vildu þau halda áfram þegar námskeiðinu lauk og þá fór ég af stað með framhaldshópa og þannig hélt það svo áfram. Fyrstu árin bauð ég upp á námskeið fram að 4 ára aldri þar sem ég fékk ekki leyfi til að vera með eldri börn en svo breyttist það og í mörg ár hef ég fylgt börnunum eftir frá ca. 2 mánaða aldri og þar til þau byrja í skóla og sum þeirra halda meira segja áfram eftir að þau byrja í skóla þar sem þau vilja ekki hætta.“

Fólk „bjargaði“ oft stráknum

Á þessum 30 árum segir Guðbjörg að ungbarnasund eru orðið mun algengari og fólk vanar því að sjá ung börn sem eru dugleg í vatni. Börnin hennar voru t.d. orðin „synd“ í kringum tveggja og hálfis árs, en þá gátu þau synt um alla laugina kútalaus, kafað lengi og andað þegar þau vildi. „Þegar ég var með Örn í lauginni þá var honum oft „bjargað“ nokkrum sinnum í hverri laugarferð. Fólk var ekki vant pínulitlu barni sem varla gat labbað en synti um allan heita pottinn í kafi langar leiðir og stökk því á barnið og bjargaði

því iðulega,“ segir Guðbjörg með bros á vör.

Síðasta vor fæddist svo fyrsta barnabarn Guðbjargar og nú er hann farinn að koma á námskeið hjá ömmu sinni. Auk þess að fara á námskeið fer hann reglulega með henni í sund og eiga þau góðar stundir saman í lauginni.

Margt af okkar besta íþróttafólki byrjaði fyrstu árin í Guggusundi

„Það hefur verið mjög gaman að fylgjast með börnunum sem hafa alist upp í Guggusundi í mörg ár. Þar sem ég hef fylgst með öðrum íþróttum á Selfossi í gegnum börnin mín og horft mikið á fimleika, fótbolta og handbolta þá finnst mér sérlega áhugavert að horfa á hvernig „sundbörnin“ hreyfa sig á þurru landi. Ég sé mikinn mun á þeim börnum sem hafa verið mikið í vatninu, þau hafa betra jafnvægi, samhæfingu og úthald sem þau yfirfæra yfir á aðra hreyfingu,“ segir Guðbjörg, en samtkvæmt Guðbjörgu er þetta allt í samræmi við rannsóknir sem gerðar hafa verið á ungbarnasundi. Rannsóknir hafa líka sýnt að það sé best að hafa alhliða hreyfipjálfun hjá börnum ekki að sérhæfa þau of snemma í einni íþrótt.

„Þar sem Selfoss er enn „lítill“ bær þá hef ég náð að fylgjast með mörgum

af þeim sem hafa stundað Guggusund í öðrum íþróttum og það er bara þannig að mjög margt af okkar besta íþróttafólki hafa byrjað fyrstu árin í Guggusundi,“ segir Guðbjörg.

Það gleður Guðbjörgu mjög mikið þegar foreldrar koma með börnin sín reglulega í sund og skapa þannig venjur sem börnin halda sjálf í þegar þau eldast, „þannig að mín tilfinning er sú að þessi börn sem eru vön því að hreyfa sig velji því frekar að hreyfa sig þegar þau eldast.“ En það gerist oft að unglingar eða fólk á þrítugsaldri labba upp að henni og segjast muna eftir því þegar þau voru hjá henni í Guggusundi, og minnst þeirra tíma af mikilli gleði og óska þess að þau væri aftur orðin lítill.

„Þar er nefnilega þannig með börn og vatn að þeim líður öllum vel í vatninu. Þannig að samvera foreldris og barns er svo dýrmæt í lauginni. Barnið fær óskifta athygli og það er ekkert utanaðkomandi sem truflar eins og t.d. símar. Börnin geta verið þreytt og pirruð heima en þegar þau koma í laugina þá gleymist það. Sálfræðingar hafa talað um að þessi hluti ungbarnasunds sé geysilega dýrmætur.“

Finnst þetta enn gaman eftir öll þessi ár

„Ég hef kynnst mörgum frábærum fjöl-



Yngsti og elsti nemandi Guðbjargar saman á einni mynd.

skyldum þessi ár og þekki fólk um allt Suðurland sem hefur verið í Guggusundi. Fólk kemur á námskeið allstaðar að, frá ströndinni alveg að Kirkjubæjarklaustri og svo er alltaf eitthvað um fólk sem á tengsl á Selfoss og keyrir frá Reykjavík hingað í sund. En á þessum árum hafa margar fjölskyldur haldið áfram að koma þegar nýtt barn fæðist. Ein fjölskyldan kom með fimm börn og var hjá mér í ca. 25 ár, önnur þar sem eru þrjú lítil börn, 7 mánaða, 1 og háls árs og 3 ára eru með þau öll í einu í sundi, þó það sé erfitt að láta það ganga upp með svona mörg ung börn á sama tíma. Svo núna í nokkur ár hafa komið „barnabörn“ þ.e börn þeirra barna sem voru hjá mér í Guggusundi á fyrstu árunum.“

„Eftir öll þessi ár finnst mér enn alltaf jafn gaman að kenna Guggusund. Áherslan er á að öllum börnum líði vel í vatninu og að sjá þau eflast og blómstra með hverju verkefninu sem þau fá í sundinu, en það gefur mér mikið. Mér finnst líka mjög mikilvæg þessi samvera sem fjölskyldan fær í vatninu, þetta eru svo góðar stundir þegar maður hugsar til baka þegar mín börn voru lítil.“

Guðbjörg leggur áherslu á að foreldrar lesi börn sín, sum börn eru varkár og þurfa sinn tíma í aðlögun meðan önnur eru til í hvað sem er án nokkurrar hræðslu. Hún segir að ekki megi þvinga börnin í neitt en örva þau frekar í gegnum leik og þannig þroskast þau á jákvæðan hátt. Ein eftirminnileg sagan frá henni er þegar einn lítill 4 ára drengur féll ofaní Laugarvatn. Faðir drengsins spurði hann hvort hann hefði ekki verið hræddur þegar hann datt ofaní vatnið, drengurinn sagði: „Jú, fyrst var ég hræddur, en svo hugsaði ég að ég væri bara í Guggusundi og þá synti ég í land.“ -brv



Við leitum að meiraprófsbílstjóra

Eimskip leitar að ábyrgum meiraprófsbílstjóra til starfa á starfsstöð félagsins á Selfossi. Reglubundinn vinnutími er frá kl. 08:00 til 17:00 alla virka daga en æskilegt er að viðkomandi sé reiðubúinn að vinna lengur þegar þörf er á.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Akstur flutningabíla, lestun og losun
- Samskipti við viðskiptavinum
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Meirapróf (C) er skilyrði
- Framúrskarandi þjónustulund og jákvæðni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn hreysti

Nánari upplýsingar um starfið veitir Helgi Sigurður Haraldsson, svæðisstjóri Eimskips á Selfossi í gegnum netfangið hlh@eimskip.com.

Eingöngu er tekið á móti umsóknum í gegnum vefsíðu Eimskips, www.eimskip.is

Hreint sakavottorð og 18 ára aldur er skilyrði fyrir ráðningu hjá Eimskip. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur er til og með 31. desember 2021.

Ný námskeið**hefst 6., 7. og 8. janúar**Námskeið í boði fyrir
2 mánaða til 7 ára.

Sjá nánar á selfoss.net

Skráning er hafin á
guggahb@simnet.is eða
í síma 848 1626.**Guðbjörg H. Bjarnadóttir**Íþróttakennari
Sunddeild Umf. Selfoss

Íþróttir

Takk fyrir stuðninginn

HANDBOLTI Kæru Sunnlendingar. Í vikunni mun birtast valgreiðsla í heimabanka Selfyssinga og nærsveitunga. Með greiðslu valkröfunnar styrkir þú öflugt starf handboltans. Einnig er hægt að leggja styrk beint inn á reikning deildarinnar. Mikill metnaður er hjá okkur Selfyssingum að gera hlutina vel og auk þess að eiga öfluga meistara-flokka, er haldið úti tveimur U-liðum til að skapa flott verk-efni fyrir ungt og efnilegt handboltafólk.

Með ykkar stuðningi eru okkur allir vegir færir.

Stjórn handkn.d. Umf. Selfoss



Foreldrar sýnum ábyrgð, verum góðar fyrirmyndir

Þegar þú kaupir áfengi fyrir ungling minnkarðu ekki hættuna á að hann fari sér að voða.

Þú eykur hana.

Það að reykja eða nota munn- eða neftóbak, minnkar lífslíkur þínar og eykur hættuna á ýmsum sjúkdómum m.a. krabbameini.

Kaupum ekki áfengi eða tóbak fyrir unglinga!

Forvarnarhópur Rangárpings ytra



Jólagleði í SET-hölinni

HANDBOLTI Selfyssingar unnu seiglusigur á frískum Frömmurum í SET-hölinni á fimmtudagskvöld. Þessi síðasti leikur Selfyssinga í Olísdeildinni þetta árið endaði 28-27.

Framliðið mætti gríðarlega ákveðið til leiks og skoruðu þeir fyrstu fjögur mörkin, Selfyssingar voru að reyna erfiða hluti og smá tíma tók að finna taktinn varnarlega. Á áttundu mínútu komust Selfyssingar svo á blað og vörnin fór að virka, heimamenn tóku þá 9-2 kafla og tóku stjórnina á leiknum í sínar hendur. Það hélst út hálfleikinn þar sem Selfoss leiddi 15-11.

Vandræðagangur var á sóknarleik beggja liða í upphafi seinni hálfleiks. Framarar byrjuðu að saxa á forskot heimamanna og á sama tíma fór fyrirliðinn Hergeir Grímsson af velli með þrjár brottvísanir. Það tók Selfyssinga töluverðan tíma að finna jafnvægi á sínum leik eftir það og héldu gestirnir áfram og komust loks yfir þegar 10 mínútur voru eftir af leiknum. Selfyssingar bitu hins vegar í skjaldarrendur og náðu af seiglu að sigla

heim eins marks sigri eftir spennandi lokamínútur.

Selfoss er áfram í 6. sæti deildarinnar, nú með 15 stig en Fram eru í baráttunni um úrslitakeppnissætið í 9. sæti með 10 stig. Ljóst er að bæði lið munu sitja sem fastast í sætum sínum yfir hátíðarnar

Mörk Selfoss: Guðmundur Hólmar Helgason var markahæstur Selfyssinga með 9/2 mörk, Tryggvi Þórisson og Einar Sverrisson skoruðu 5, Ragnar Jóhannsson 4, Richard Sæþór Sigurðsson og Alexander Már Egan 2, Karolis Stropus og Hergeir Grímsson skoruðu hvor sitt markið.

Varin skot: Vilius Rasimas varði 11 skot í marki Selfoss og var með 32% markvörslu. Sölvi Ólafsson kom inná í stutta stund og varði 1 skot og var með 20% markvörslu.

Selfyssingar fara inn í þetta langa jólafrí á góðu nótunum, en liðið er með fjóra sigra og eitt jafntefli í síðustu fimm leikjum. Olísdeildin hefst svo aftur hjá Selfyssingum í Mosfellsbæ 6. febrúar. Í millitíðinni höldum við jól og áramót hátíðleg og fylgjumst með EM í handbolta í janúar. -UMFS

Tinna með 16 mörk í sex marka sigri

HANDBOLTI Selfoss vann öruggan sex marka sigur á ungmennaliði Vals þegar þau mættust í SET-hölinni á Selfossi á sunnudagskvöldið í 1. deild kvenna í handbolta.

Leikurinn var nokkuð jafn jafn framan af, en Selfyssingar höfðu alltaf frumkvæðið. Staðan í hálfleik var 16-14. Seinni hálfleikur var eign Selfyssinga, en stelpurnar náðu mest sjö marka forskoti um miðjan seinni hálfleik. Þær gáfu aðeins eftir og náðu Valsstúlkur að minnka muninn niður í þrjú mörk en lengra komust þær ekki og niðurstaðan 38-32 marka sigur Selfyssinga.

Mörk Selfoss: Tinna Sigurórs Traustadóttir var markahæst Selfyssinga með 16 mörk. Tinna Soffía Traustadóttir skoraði 9 mörk, Elínborg Katla Þorbjörnsdóttir skoraði 5 mörk, Inga Sól Björnsdóttir og Elín Krista Sigurðardóttir 2 og Kristín Una Hólmarsdóttir 3.

Varin skot: Mina Mandic og Dröfn Sveinsdóttir vorðu vel í marki Selfoss.

Selfyssingar fara því inn í jólafríð í 2. sæti deildarinnar með 15 stig. -UMFS



Pakkapjónusta jólasveinanna fellur niður

Jólasveinarnir úr Ingólfsfjalli geta því niður ekki komið og heilsað upp á íbúa Selfoss og nágrennis nú í desember.

Pakkapjónusta jólasveinanna hjá Umf. Selfossi á aðfangadag fellur niður annað árið í röð.

Sendum ykkur öllum bestu óskir um gleðileg jól og minnum ykkur á að við reiknum með að vera á ferðinni um næstu jól. Hlökkum til að sjá ykkur þá.

Með góðri kveðju úr Inghólnum,
Stekkjastaur, Giljagaur, Stúfur, Þvörusleikir, Pottaskefill,
Askasleikir, Hurðaskellir, Skyrgámur, Bjúgnakrækir,
Gluggagægir, Gáttaþefur, Ketkrókur og Kertasníkir.

*Við óskum Sunnlendingum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.
Þökkum samstarfið á árinu sem er að líða.*



Kakókot hjá Grunnskólanum á Hellu



Góðar hugmyndir koma oft upp í samtali en það er ekki alltaf sem þær eru framkvæmdar. Lovísa Björk Sigurðardóttir starfsmaður Grunnskólans Hellu er forsprakki þessarar hugmyndar. Þetta byrjaði sem spjall við samstarfsskonu um að gleða þau börn sem voru á Skóladagheimilinu sem er gæsludagheimili fyrir nemendur úr 1. – 4. bekk eftir skóla. Þessi hugmynd fór í framkvæmd árið 2005 og hefur verið liður í jólaundirbúningi Grunnskólans Hellu síðan. Aðeins einu sinni hefur þessi hefð fallið niður og var það í fyrra en þá voru fjöldatakmörkanir og einn bekkur skólans tók yfir Skóladagheimilið og var Kakókots sárt saknað það árið. Nemendur og starfsfólk hlakkar til og bíða spenntir eftir boði um að setjast inn í jólalegt rými skólans, hlusta á jólalög, drekka

heitt kakó og fá sér nokkrar piparkökur. Eldri nemendur sem hafa lokið grunnskólagöngu sinni minnst oft á Kakókot á þessum tíma og einungis góðar tilfinningar vakna við þá upprifjun. Stemmningin er mjög notaleg þar sem nemendur og starfsfólk situr saman og spjalla um allt og ekkert. Misjafnt hefur verið hvernig fyrirkomulag Kakókotsins er. Oft er það þann-

ig að 1. bekkingar klæðast jóla-sveinahúfum og banka upp á hjá hverjum bekk fyrir sig og bjóða þeim í Kakókot og er þetta hlutverk tekið mjög alvarlega. Það er algjört hernaðarleyndarmál hverjir fá boð hvaða dag en yfirléitt er fyrsta vika aðventunnar tekin í þetta. Hér í skólanum er unnið með vinabekki og stundum hafa þeir setið saman. Í ár var það þannig að hver bekkur sat einn að góðgætinu í einu. Lovísa og starfsfólk hennar á Skóladagheimilinu sjá um að skreyta, setja dúka á borðið, búa til kakó og leggja á borð fyrir gesti. Lovísa segir að fyrir sér sé þetta partur af hennar jólaundirbúningi, hún fái alltaf heitt í hjartað því viðtökur starfsfólks og nemenda séu svo gefandi. Það eina sem óskað er af starfsfólki Kakókots að borga fyrir með söng og hefur það hingað til ekki verið vandamál.



Heimilishjálp verði frádráttarbær frá skatti

Sex þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru flutningsmenn frumvarps til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og felur í sér að einstaklingum verði heimilt að draga frá tekjuskattstofni einstaklinga kostnað sem fellur til vegna heimilishjálpar, að hámarki 1,8 milljón króna á ári. Frádrættinum er ætlað að ná til starfa sem innt eru af hendi hér á landi á heimili einstaklinga og í sumarhúsum þeirra.

Til slíkra starfa teljast t.d. hefðbundin heimilisstörf, svo sem þríf og hreingerningar, hefðbundin garðyrkjustörf eða snjómokstur á gangstéttum og í innkeyrslu að heimili. Þegar húsfélag fjöleignarhúss annast greiðslu kostnaðar úr sameiginlegum sjóði vegna slíkra starfa á sameign getur einstaklingur dregið sinn hlut í þeim kostnaði frá tekjuskattstofni sínum.

Þá er ákvæðinu jafnframt ætlað að ná til annars konar umönnunar, svo sem umönnunar heimilismanna vegna veikinda eða fötlunar, umönnunar barna,

sem felur m.a. í sér aðstoð við heimavinnu og fleira skólatengt, ásamt því að fylgja börnum í og úr leikskóla, skóla og frístundastarfi. Ákvæðinu er einnig ætlað að taka til aðstoðar við einstakling í tengslum við ferðir til og frá heimili, t.d. ferðir á heilsugæslustöð, í banka eða annað sambærilegt.

„Markmiðið með frumvarpi þessu er m.a. að sporna við svartri atvinnustarfsemi auk þess sem hægt verður að auka réttindi þess fólks sem vinnur í dag þau störf sem hér eru talin. Með því er m.a. átt við lífeyrisgreiðslur og atvinnuleysisbætur,“ segir Vilhjálmur Árnason sem er fyrsti flutningsmaður frumvarpsins.

Meðflutningsmenn Vilhjálms eru þingmennirnir Óli Björn Kárasón, Birgir Þórarinsson, Diljá Mist Einarsdóttir, Guðrún Hafsteinsdóttir og Berglind Ósk Guðmundsdóttir.

Nánari upplýsingar veitir Vilhjálmur Árnason í síma 869 9294.



Sendum félagsmönnum okkar
og Sunnlendingum öllum bestu
óskir um gleðileg jól og farsæld á
komandi ári,

þökkum samstarfið á liðnu ári.



Leggja upp með að fá fólk sem er færast á sínu sviði

Brágginn studio hefur staðið að námskeiðaseríu sem heitir „Art of food“. Bjarki Sól og Erna Elínbjörg hafa staðið að þessari seríu en eru núna komin í samstarf við Hótel Skálholt, en Bjarki ásamt frænku sinni Gunnhildi eru þar nýir eigendur

og sjá nú um alla gistingu og veitingar á staðnum. Markmiðið með námskeiðaseríunni er að fá helstu matarsérfræðinga heims hingað til landsins til að kenna okkur listir sínar. „Við höfum lagt áherslu á að fá fólk sem er færast á sínu sviði í matargeiran-

um sem hefur reynslu í kennslu og leggjum við upp úr því að þetta sé fólk sem brennur fyrir að miðla sinni sérþekkingu“ segir Bjarki um kennarana sem eru að koma.

Núna í febrúar er von á Sandor Katz sem er vel þekktur um allan heim fyrir súrkálsgerð og allir sem að hafa sökt sér í þau fræði ættu að þekkja. Einnig er von á Meridith Leigh þann 14. maí næstkomandi, en hún hefur rannsakað vinnslu á kjöti með sértaka áherslu á gerjun. Bjarki segir að margt af því besta sem við leggjum okkur til munns daglega eru gerjaðar vörur eins og vín, bjór, ostar, pylsur, harðfiskur, brauð og súrkál. Hann vill með þessum námskeiðum gera fólki kleyft, oft með einföldum hætti, að auka lífsgæði sín þegar kemur að vinnslu á íslensku hráefni. Námskeiðin eru ætluð öllum þeim sem hafa áhuga á auknum gæðum á íslensku hráefni og hægt er að næla sér í sæti á námskeiðin á heimasíðu Braggans sem er www.bragg-innstudio.is.



(((HEYRN)))

HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrnarþjónustan Heyrn
óskar öllum landsmönnum
gleðilegrar hátíðar,
heyrumst á nýju ári.

Nútt!

vefverslun.heyirn.is

Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur - Sími 534 9600 - heyirn.is

Vinstri græn í Árnessýslu
óska Sunnlendingum öllum
**gleðilegra jóla og
farsæls nýs árs**

Lewicowi Zieloni w Árnessýsla życzą
wszystkim mieszkańcom południowej Islandii
Wesołych Świąt i Szczęśliwego Nowego Roku.

The Left Greens in Árnessýsla wish all
South Icelanders a **Merry Christmas**
and a **Happy New Year**.



VINSTRI GRÆN

Síðastasti kennsludagur skákkennslu grunnskólabarna

Sunnudaginn 12. des. sl. var síðasti kennsludagur skákkennslu grunnskólabarna í Fischersetri. Þetta var síðasti tíminn af 8 skipta námsskeiði, sem byrjaði í september sl. Rúmlega 20 krakkar tóku þátt í námsskeiðinu og sáu Oddgeir Ágúst Ottesen og Ingimundur Sigurmundsson frá Skákkfélagi Selfoss og nágrennis um kennsl-

una. Í síðustu kennslustundinni var blásið til skákmóts og úrslitin urðu þau að Grímur C. Ólafsson sigraði með 6v. af 6 mögulegum og Magnús Tryggvi Birgisson og Sigurmundur Ari Gunnþórsson urðu jafnir með 5v., en þar sem Magnús Tryggvi hafði teflt við sterkari andstæðinga hlaut hann annað sætið og Sigurmundur Ari það þriðja.



Oddgeir Ágúst Ottesen ásamt þátttakendum skákmótsins

Óskum Sunnlendingum
gleðilegra jóla og
farsældar á nýju ári.

Þökkum samskiptin
á árinu.



FLÓAHREPPUR

Sveitarfélagið óskar þess að allir
íbúar eigi ljúfa jólahátíð og njóti með
sínunum nánustu.

Um leið hvetjum við alla til útvistar,
hreyfingar og samverustunda með
fjölskyldu og vinum.

Og munum að allt er gott í hófi.



Sveitarfélagið
ÁRBORG



Félagsmenn, Sunnlendingar og
landsmenn allir. Okkar bestu
óskir um gleðileg jól, farsæld og
frið á nýju ári með þökk fyrir
samskiptin á liðnu ári.



STOFNAD
25. JÚNÍ 2002

Krabbameinsfélag Árnessýslu sendir hugheilar
jólakveðjur með kærum þökkum fyrir ómetan-
legan stuðning og samstarf á liðandi ári.

Samhugur og samstaða samfélagsins er
eflandi styrkur í okkar starfi.



Krabbameinsfélagið

VR óskar öllum
Sunnlendingum gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.

Þökkum samskiptin á árinu



Hotel Rangá

Gleðilega hátíð

Við óskum sunnlendingum öllum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári



FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfið með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

TIL SÖLU

Gámur til sölu
Til sölu gámur 20 feta búslóða-
gámur mjög góður ásett verð
550 þús. kr. Staðsettur í Gríms-
nesi. Sími 898 1505 / 867 3296.

BÍLAR

SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR

S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is


KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

**Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki**

Persónuleg þjónusta

**Krani
&
tæki**

Kranabíll • Minigrafa
Traktorsgrafa
Krabbi • Mannkarfa

Öll almenn jarðvegsvinna
og flutningar

Diddi Elli
S. 861 4966 S. 861 6700
fredi@simnet.is

Jeppasmiðjan
LÖBASTÖÐUR
Sérfræðingar í
bílavarahlutum
í 30 ár
s. 480 0120 | jepp.is

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

KIRKJUR

Hleypst verður inn í kirkjur og safnaðarheimili samkvæmt gildandi sóttvarnareglum en einnig eru messur auglýstar með fyrirvara um breytingar á sóttvarnareglum og verða allar upplýsingar settar inn á heimasíður eða Facebook-síðu kirkjanna.

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 25. desember. Jólagaðsþjónusta kl. 11. Verið velkomin. Aftansöngur fellur niður. Bestu kveður til allra lesenda og velunnara um gleðilega hátíð og ósk um blessun Guðs.

Hveragerðiskirkja

Aftansöngur á aðfangadag kl. 18. Prestur sr. Ninna Sif Svavarsdóttir, Kirkjukór Hveragerðis - og Kotstrandarsókna syngur, organisti Miklós Dalmay.

Kotstrandarkirkja

Helgistund á aðfangadag kl. 13. Tónlist annast Margrét Stefánsdóttir.
Hátíðarguðsþjónusta á jóladag kl. 14. Prestur sr. Ninna Sif Svavarsdóttir, Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarsókna syngur, organisti Miklós Dalmay.

Selfoskirkja

Aftansöngur á aðfangadag kl. 18:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Edit A. Molnár, einsöng syngur Þóra Gylfadóttir, prestur Guðbjörg Arnardóttir.
Helgistund á jólanótt kl. 23:30. Kirkjukórinn syngur, organisti Edit A. Molnár, Jóhann I. Stefánsson spilar á trompet, prestur Gunnar Jóhannesson.

Stokkseyrarkirkja

Helgistund á aðfangadag kl. 18:00, organisti Haukur Arnarr Gíslason, prestur Arnaldur Bárðarson.

Eyrarbyggarkirkja

Helgistund á jólanótt kl. 23:30, organisti Haukur Arnarr Gíslason, prestur Arnaldur Bárðarson.

Hraungerðiskirkja

Hátíðarguðsþjónusta á jóladag 25. desember kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Guðmundur Eiríksson, prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Laugardælakirkja

Hátíðarguðsþjónusta á jóladag 25. desember kl. 13:00. Almennur safnaðarsöngur, organisti Guðmunudur Eiríksson, prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Gaulverjabæjarkirkja

Hátíðarguðsþjónusta á annan jóladag 26. desember kl. 14:00. Organisti Haukur Arnarr Gíslason, prestur Arnaldur Bárðarson.

Villingaholtakirkja

Hátíðarguðsþjónusta á annan jóladag 26. desember kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Guðmunudur Eiríksson, prestur Gunnar Jóhannesson.

Skálholtsdómkirkja

23. desember Þorláksmessa (fimmtudagur). Morgunbæn og altarisganga kl. 9 ádegis.

Sólheimakirkja

24. desember. Aðfangadagur jóla. Aftansöngur kl. 16. Organisti Ester Ólafsdóttir. Sr. Hannes Örn Blandon.

Bræðratungukirkja

26. desember. Annar dagur jóla. Hátíðarguðsþjónusta kl. 15. Organisti Jón Bjarnason. Sr. Kristján Björnsson.

Skálholtsdómkirkja

24. desember. Aðfangadagur jóla. Aftansöngur kl. 18 með hátíðarsöngvum. Skálholtskórinn syngur. Organisti Jón Bjarnason. Sr. Kristján Björnsson.
Jólanótt. Hátíðarmessa kl. 23:30 - Skálholtskórinn syngur. Organisti Jón Bjarnason. Sr. Kristján Björnsson.

Miðdalskirkja

25. desember. Jóladagur. Hátíðarguðsþjónusta kl. 11. Organisti Jón Bjarnason. Sr. Kristján Björnsson.

Þingvallakirkja

25. desember. Jóladagur. Hátíðarguðsþjónusta kl. 14. Organisti Ester Ólafsdóttir. Sr. Bolli Pétur Bollason.

Skálholtsdómkirkja

25. desember. Jóladagur. Hátíðarmessa kl. 14. Skálholtskórinn syngur. Organisti Jón Bjarnason. Sr. Kristján Björnsson.

Úlfjótssvatnskirkja

26. desember. Annar dagur jóla (sunnudagur). Hátíðarguðsþjónusta kl. 11. Organisti Jón Bjarnason. Sr. Kristján Björnsson.

Mosfellskirkja

26. desember. Annar dagur jóla. Hátíðarguðsþjónusta kl. 13. Organisti Jón Bjarnason. Sr. Kristján Björnsson.

Úthlíðarkirkja

27. desember Þriðji dagur jóla. Hátíðarguðsþjónusta kl. 16. Organisti Jón Bjarnason. Sr. Kristján Björnsson.

Haukadalskirkja

31. desember. Gamlársdagur (föstudagur). Hátíðarguðsþjónusta kl. 14. Organisti Jón Bjarnason. Sr. Kristján Björnsson.

Sólheimakirkja

31. desember. Gamlársdagur. Aftansöngur kl. 17. Organisti Ester Ólafsdóttir. Sr. Hannes Örn Blandon.

Skálholtsdómkirkja

31. desember. Gamlársdagur. Aftansöngur kl. 17. Organisti Jón Bjarnason. Sr. Axel Á. Njarðvík.

Torfastaðakirkja

1. janúar 2022. Nýársdagur (laugardagur). Hátíðarmessa kl. 14. Organisti Jón Bjarnason. Sr. Kristján Björnsson.

Þingvallakirkja

1. janúar 2022. Nýársdagur. Hátíðarmessa kl. 14. Organisti Ester Ólafsdóttir. Sr. Sighvatur Karlsson.

Þorlákskirkja

Aðfangadagur, 24. desember. Aftansöngur kl. 18:00.

Hjallakirkja

Annar í jolum, 26. desember. Hátíðarguðsþjónusta í Hjallakirkju kl. 13:30

Strandarkirkja

Hátíðarguðsþjónusta í Strandarkirkju kl. 15:00. Sr. Sigríður Munda Jónsdóttir þjónar. Kór Þorlákskirkju syngur við undirleik Ester Ólafsdóttur, organista.

HEILSA

**Nudd –
Svæðanudd**

Dáleiðsla

**Augnlestur og
heilsuráðgjöf**

**Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum**

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni
Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

**Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun**



Áttund

**20% afsláttur
af gjafakortum**

Ný námskeið
byrja 10. og 12. jan.
og 3. feb.



**Ragnhildur
Sigurðardóttir
farsími
693 2197**

Cand.mag. í íþróttatræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
nuddmeistari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

Fjölskyldu- aðventu- ganga í blíð- skaparveðri

Síðastliðinn laugardag bauð Ferðafélag barnanna á Suðurland í samvinnu við Árborg, Heilsuefandi samfélag, til aðventugöngu í Hellisskógi.

Markmiðið með aðventugöngunni var að hreyfa sig saman úti í náttúrunni og skapa ljúfar samverustundir. Við þökkum öllum sem tóku þátt og hvetjum um leið foreldra og börn að fara og upplifa ævintýri í Hellisskógi.

Gengu foreldrar og börn saman frá bílastæðinu við aðalinnangang að Stórahelli. Þegar að þar var komið tóku Fossbúar vel á móti göngugörpum og buðu upp á rjúkandi heitt kakó.

Við hellinn birtist sjálfur Skyrgámur í fylgd mætra manna og tóku allir vel á móti þeim. Skemmti hann gestum með fjörugri framkomu og söng þar sem gestir, stórir og smáir, tóku vel undir. Skyrgámur aðstaði einnig við að „opna“ jólaglugga sveitarfélagsins sem staðsettur er í sjálfum Stórahelli.



Straumhvörf að verða í fráveitumálum í Svf. Árborg

- fyrri hluti



Ástand fráveitumála í Svf. Árborg hefur í langa tíð verið óviðunandi. Staðan hér er þó ekkert einsdæmi ef borið er saman við ástand fráveitumála almennt á landinu öllu. Ástandið er best á höfuðborgarsvæðinu en mjög slakt víða á landsbyggðinni.

Að því sögðu að ástand fráveitumála hér sé ekki og hafi ekki verið viðunandi fram til þessa, að þá er ekki þar með sagt að ekki hafi verið unnið að úrbótum í fráveitumálum sveitarfélagsins undanfarin ár eða áratugi. Úrbæturnar hafa bara ekki dugað til svo koma mætti fráveitunni í viðunandi horf og uppfylla reglugerðarkröfur um fráveitur og skólp. Hér á eftir verður rakin sagan og staða fráveitumála á Selfossi í örstuttu máli. Síðar mun birtast grein þar sem framtíðarlausnir í fráveitumálum annarra byggðakjarna sveitarfélagsins og einnig dreifbýlisins verða kynntar.

Fráveitan á Selfossi fyrir aldamót

Fyrstu heimildir sem undirritaður veit um að séu til um að Selfossbær hafi verið farinn að huga að hreinsun fráveitu í Ölfusá eru frá því herrans ári 1978 þegar Selfosshreppur varð að Selfosskaupstað. Þá og árið á eftir voru unnar skýrslur um hreinsun frárennslis í Ölfusá. Á þeim tíma var staða fráveitumála vægast sagt slæm. Einfalt fráveitukerfi í íbúagötum og fjölmargar útrásir voru í og við bakka árinna. Sumar þeirra voru meira að segja vinsælir veiðistaðir barna- og unglinga s.s. útrásin við Fagurgerði. Það var þó ekki fyrrenn árið 1995 sem að undirbúningur hófst af alvöru við að útrýma öllum þessum útrásum og sameina í eina.

Í kjölfar þess að reglugerð um fráveitur og skólp nr. 789/1999 tók gildi að þá var farið að huga að framtíðarhugmyndum um lausn fráveitumála í heild sinni á Selfossi af meiri krafti en áður, enda þá komin krafa á að Selfossbær hreinsaði sitt fráveituvatn. Það ár, hófst vinna við að tvöfalda fráveitukerfið á Selfossi í eldri og nýrri hverfum. Sama ár voru einnig hafnar framkvæmdir við fyrsta áfanga sniðræsisins, í Fosslandi. Lokaáfangi þeirrar miklu framkvæmdar var svo framkvæmd þrettán árum síðar, árið 2012 í Árveginum við Mjólkurbúið og þar með var búið að útrýma öllum gömlu útrásunum á syðri bakka Ölfusár við Selfoss utan einnar sem nýtt er sem neyðarútrás.

Árið 1999 hófust svo framkvæmdir við fyrsta áfanga verksins með lagningu sniðræsis í Fosslandi ásamt því að byrjað

var að vinna eftir þeirri áætlun að hreinsistöð yrði staðsett í landi Haga við flugvöllinn með útrás í Ölfusá.

Eftir aldamót

Árið 2004 hófst vinna við lagningu hins stóra sniðræsisins á Selfossi, Suðurbyggðarræsisins svokallaða. Það sniðræsi tekur við og mun taka við fráveituvatni allra hverfanna sem reist verða sunnan Suðurbyggðar að henni meðtaldri að Votmúlavegi.

Árið 2006 unnu Línuhönnun og Verkfræðistofu Suðurlands skýrslu fyrir Sv. Árborg, þar sem farið var yfir möguleika í heildarlausn fráveitumála á Selfossi. Þar voru settir fram þrír möguleikar með mismunandi þrepum hreinsunar með útrás í Ölfusá. Árið 2008 hefjast svo tilraunir með hreinsun á skólpi frá Selfossi þar sem notast var við aflfræðilega hreinsun með grófsíu og skiljubúnaði í samvinnu við sænskan framleiðanda búnaðarins.

Árið 2009 var unnin viðamikil skýrsla af Mannvirkverkfræðistofu sem innihélt nokkra möguleika á hreinsun fráveitu og kostnaðarmat tillagna þar sem horft var til þéttbýliskjarnanna þriggja, Selfoss, Stokkseyrar og Eyrarbakka. Settar voru fram þrjár tillögur og lagt fram kostnaðarmat um mismikla hreinsun á Selfossi með útrás í Ölfusá ásamt sameiginlegri eins þreps hreinsistöð fyrir Stokkseyri og Eyrarbakka. Fjórða tillagan gekk út á að dæla öllu skólpi frá Selfossi að Eyrarbakka með eins kílómetra útrás í opið Atlantshafið. Kostnaðarmat tillagnanna fjögurra hljóp á mörgum milljörðum ís-

lenskra króna, eða frá um þremur milljörðum til á sjötta milljarð á núvirði. Ódýrasta tillagan gerði þá eingöngu ráð fyrir eins þreps hreinsistöð fyrir Selfoss. Síðan að sú skýrsla kom fram að þá hafa orðið miklar tækniframfarir í hreinsun skólps og eru lausnirnar mun ódýrari í dag en voru þá.

Frá árinu 2013 hefur undirbúningur staðið yfir að gerð hreinsistöðvar við Geitanes, gerðar hafa verið ýmsar rannsóknir og mælingar m.a. á rennsli árinna, efnamengun og dreifingu hennar um Ölfusá auk þess sem rennismælingar hafa verið gerðar í stofnlögn fráveitunnar. Árið 2014 var farið af stað með hönnun grófsíu hreinsistöðvar og síur keyptar. Sú hönnun miðaðist við mun minna rennsli en mælist nú í fráveitu bæjarins, sem hefur tvöfaldast frá árinu 2014 auk þess sem að í ljós kom eftir tíð samskipti við þar til bær yfirvöld að ekki dygði að vera með eins þreps hreinsistöð fyrir fráveitu Selfossbæjar og að fara þyrfti einnig með hreinsistöðina í umhverfismat þar sem að sterkar líkur væru á að fráveitan gæti skilað meira af sér en 50.000 pe.

Nýja hreinsistöðin

Umhverfismatsferlinu, sem er langt og strangt ferli, lauk loks með samþykki Skipulagstofnunar í lok síðasta árs. Skipulagsstofnun lagði blessun sína yfir matsskýrsluna m.a. með þeim orðum að: „Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð hreinsun fráveitu á Selfossi sé ótvírætt framfaraskref fyrir þéttbýlið“. Í kjölfar þess er kærufresti matsins lauk, setti bæjarráð á stofn starfshóp í vor sem falið var það hlutverk að vinna að kröfúlýsingu og forsögn fyrir nýja hreinsistöð við Geitanes. Nú hefur sú skýrsla ásamt fundargerðum starfshópsins litið dagsins ljós og í framhaldinu verður farið af stað með vinnu við fullnaðarhönnun hreinsistöðvar við Geitanes og framkvæmdin boðin út á nýju ári.

Hreinsistöðin mun verða hönnuð og byggð til að geta annað 20.000 íbúa byggð á Selfossi auk þeirrar atvinnustarfsemi sem fylgir, sunnan ár og kosta um 1,2 milljarð króna fullbúin. Stöðin verður með frekari hreinsun en tveggja þrepa, sem þýðir að fyrst er skólpið grófhreinsað í þrepasíum/+beltasíum (fyrsta þrep) og finsíun með tromlusíum (annað þrep) og að lokum er vatnið geislað með UV-lömpum (hluti af þriðja þrepi). Með

slíkri hreinsun mun fast lífrænt efni og önnur mengunarefni auk örplasts og svifagna verða hreinsað úr fráveituvatninu og styrkur saurkólígerla verða innan umhverfismarka í Ölfusá. Það sem út af stendur og fer í næringarsnauda jökulána eru frumefnin fosfór og nitur. Með framkvæmdinni mun ljúka þeim kafla í sögu fráveitu Selfoss sem lítur að hreinsun fráveituvatns í Ölfusá og hefur spannað að minnsta kosti í 43 ár.

Höfundur er byggingarverkfræðingur, bæjarfulltrúi Miðflokksins í Sv. Árborg, varaformaður bæjarráðs og formaður eigna- og veitunefndar.

Tómas Ellert Tómasson
Bæjarfulltrúi, varaformaður bæjarráðs
og formaður Eigna- og veitunefndar

Orðskýringar:

Einfalt fráveitukerfi: Skólp og regnvatn saman í einni fráveitulögn

Tvöfalt fráveitukerfi: Skólp og regnvatn aðskilið í tveimur fráveitulögnum

Grófhreinsun: Hreinsun fastra hluta úr fráveituvatni með rist, síu eða öðrum bún-
aði til að koma í veg fyrir sjónmengun.

Eins þreps hreinsun: Hreinsun skólps með aflfræðilegum og/eða efnafræðilegum aðferðum þar sem svifagnir eru botnfelldar eða önnur hreinsun þar sem BOD5-gildi skólps er lækkað um að minnsta kosti 20% áður en það er losað og heildarmagn svi-
fagna í skólpi er lækkað um að minnsta kosti 50%.

Tveggja þrepa hreinsun: Frekari hreinsun skólps en eins þreps með aðferð sem oftast felur í sér líffræðilega hreinsun sem fylgt er eftir með botnfellingu eða öðru ferli. Rot-
þró með siturlögn eða sandsíu telst t.d. vera tveggja þrepa hreinsun.

Persónueining (pe.): Magn lífrænna efna, næringarsalta og annarra efna sem sam-
svavar því sem einn einstaklingur er að jafn-
aði talinn losa frá sér á sólarhring. Ein pe.
af lífrænu efni er það magn lífrænna efna í skólpi sem getur brotnað niður líffræðilega með 60 g súrefnis á dag mælt með 5 sólar-
hringa lífefnafræðilegri súrefnisnotkun.



Sveitarfélagið Ölfus býður upp á beina útsendingu frá Þorláksmessutónleikum Jónasar Sig

Í tilefni af 70 ára afmæli Þorlákshafnar býður Sveitarfélagið Ölfus íbúum og öðrum landsmönnum upp á beina útsendingu frá Þorláksmessutónleikum Jónasar Sig í Gamla bíó. Með framtakinu vill Sveitarfélagið þakka íbúum og velgjörðarfólki um land allt þann kraft og samhug sem á stuttum tíma hefur orðið grundvöllur að blómlegu samfélagi með rík tækifæri til framtíðar. Í þeim anda vill Sveitarfélagið gefa fólki tækifæri til að minnast þessara tímamóta í lok afmælisársins og njóta tónlistar Jónasar í flutningi hans og þeirra frábæru tónlistarmanna sem hann starfar með.

Jónas Sigurðsson er eins og flestir vita uppallinn í Þorlákshöfn og sækir þangað sköpunarkraft og orku. Jónas vann til að mynda plötuna „Þar sem himin ber við haf“ með Lúðrasveit Þorlákshafnar sem hann var meðlimur í á sínum yngri árum. Jónas er fullur tilhlökkunar



Mynd: Jónatan Grétarsson.

höfn og sækir þangað sköpunarkraft og orku. Jónas vann til að mynda plötuna „Þar sem himin ber við haf“ með Lúðrasveit Þorlákshafnar sem hann var meðlimur í á sínum yngri árum. Jónas er fullur tilhlökkunar

og sagðist að þessu tilefni ætla að taka sér góðan tíma til að undirbúa skemmtilegar sögur frá uppvaxtarárum sínum í Þorlákshöfn, en Jónas er einmitt þekktur fyrir að gleyma sér í löngum og góðum sögum á milli laga, öllum til mikillar ánægju enda hann ekki einungis stórkostlegur tónlistarmaður heldur einnig frábær sögumaður.

Þorláksmessutónleikar Jónasar Sig verða sýndir á RÚV 2 kl. 21 á Þorláksmessukvöldi.

Sveitarfélagið Ölfus óskar íbúum og öðrum landsmönnum gleðilega hátíðar og farsæls komandi árs og biður þá um að njóta útsendingarinnar og minnast með því farsællar sögu samfélagsins í Þorlákshöfn.

Fengu Verum ástfangin af lífinu að gjöf



Sigrún Berglind kennari, Eva Rán og Elmar fulltrúar frá nemendaráði, Þorgrímur, Ólafur og Katrín.

Bókin Verum ástfangin af lífinu eftir Þorgrím Þráinsson kom út á dögunum. Bókin er stúf full af hvatningu og ráðum um hvernig maður getur verið sinnar gæfu smíður. Fjallað er um samskipti við vini og fjölskyldu, mikilvægi hreyfingar, markmiðssetningu, hvernig á að rækta hæfileika sína, baráttuna við kvíða og hvernig þú getur orðið betri manneskja. Bókin er framhald af fyrirlesturum sem

Þorgrímur hefur farið með í skóla um allt land á undanförmum árum. Þorgrímur hefur komið í Þorlákshöfn á hverju skólaári og heimsóknir hans jafnan vakið athygli og góðar umræður meðal nemenda grunnskólans.

Sigrún Berglind, kennari á unglingastigi við Grunnskólann í Þorlákshöfn, fletti bókinni þegar hún kom á skólabókasafnið. Henni þótti bókin eiga vel við og að allir okkar unglingar á elsta

stigi þyrftu að eignast bókina. Sigrún tók sig til og hafði samband við Hannes Sigurðsson útgerðarmann hjá Hafnarnesi Ver og ræddi hugmyndina.

Skemmst er frá því að segja að Hannes tók vel í hugmyndina og komu börn hans og Tótu í skólann og afhentu bókina að gjöf til allra nemenda í 8. – 10. bekk. Skólinn hafði samband við Þorgrím sem var ekki lengi að bregðast við og kom í skólann og ritaði persónulega kveðju inni í hverja og eina bók.

Við í Grunnskólanum í Þorlákshöfn þökkum kærlega fyrir þessa höfðinglegu jólagjöf frá fjölskyldunni í Hafnarnesi Ver. Bókin mun án efa gagnast nemendum vel.

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyrn.is

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsníði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

prentmet
heildarlausanir í prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

D-H BÓKHALD
✓ Bókhaldsþjónusta
✓ Skattskil
✓ Stofnun fyrirtækja
✓ Framtöl og ársreikningar
✓ Fyrirtækjaráðgjöf
Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhbokhald@gmail.com
s. 6933708

Jiibbiíi
Siggafærðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGD
Útfararþjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

BRACAF VINÁTTU!
Fæst hjá
BYKO Selfossi

Hjólbarðarþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Rétting og málun
Vottað rétttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar - Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Okkar bestu óskir um
Gleðileg jól
HVERGI MEIRA ÚRVAL BÓKA
Bókakaffið
Bókakaffið | Austurvegi 22 | 800 Selfoss